



77. ÍÞRÓTTAÞING ÍSÍ

REYKJAVÍK NATURA

16. – 17. MAÍ 2025

Þingskjal nr. _____

Tillaga um gerð nýrra og samræmdra siðareglna fyrir íþrótt- og æskulýðsstarf

Flutningsaðilar: ÍBR, ÍRB, FSÍ og SSÍ

Íþróttaping haldið 16. og 17. maí 2025 samþykkir að fela framkvæmdastjórn Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands að óska eftir samstarfi við Samskiptaráðgjafa íþrótt- og æskulýðsstarfs um að leiða vinnu við mótun og innleiðingu nýrra, sameiginlegra siðareglna fyrir allt íþrótt- og æskulýðsstarf. Siðareglurnar komi í stað þeirra siðareglna sem nú eru í gildi hjá íþróttahreyfingunni með það að markmiði að samræma viðmið og styrkja faglegt starf innan hreyfingarinnar. Mikilvægt er að tryggja að hinar nýju siðareglur styðji við *Viðbragðsáætlun Samskiptaráðgjafa*, sem gefin var út árið 2022. Einnig verði skoðað hvort og hvernig hægt sé að útfæra viðurlög við brotum á siðareglunum, með hliðsjón af réttlæti og réttaröryggi allra aðila.

Greinargerð:

Samræmdar og skýrar siðareglur eru grundvöllur öruggs umhverfis í íþrótt- og æskulýðsstarfi. Slíkar reglur styðja faglega umgjörð og veita bæði leiðsögn og ramma um æskilega hegðun, ábyrgð og samskipti. Með því að sameina reglur og verklag um siðferðileg viðmið innan hreyfingarinnar má tryggja meiri festu og réttlæti í viðbrögðum við frávikum fyrir alla hlutaðeigandi. Lagt er til að ÍSÍ smíði sniðmát að siðareglum sem sambandsaðilar geta sótt á heimasíðu sambandsins og nýtt í sínu starfi.

Vísað til: ☐ Laganefndar ☐ Fjárhagsnefndar ☐ Allsherjarnefndar ☐ Afreksnefndar